



Skipulagsnefnd – 29.08.2016

28. fundur

29. ágúst 2016, kl. 13:00-13:30

Fundarstaður: Skrifstofa Skútustaðahrepps

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, formaður

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Pétur Snæbjörnsson

Selma Ásmundsdóttir

Starfsmenn:

Bjarni Reykjafín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Dagskrá:

1. *Vaðalda. Umsókn um framkvæmdaleyfi*
2. *Hofstaðir. Deiliskipulag*

1. Vaðalda. Umsókn um framkvæmdaleyfi.

S20150601

Tekið fyrir að nýju erindi frá Auði Andrésdóttur f.h. Neyðarlínunnar ohf frá 13. fundi nefndarinnar 23. júní 2015 vegna tillögu að deiliskipulagi 8-10 KW smávirksunar í Svartá við Vaðöldu.

Tillaga að deiliskipulagi var samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 25. maí 2016 og gildistakan staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 26. júlí 2016.

Umsókn um framkvæmdaleyfi barst 24. ágúst s.l. frá Auði Andrésdóttur hjá Mannvit verkfræðistofu ehf, f.h. Neyðarlínunnar ohf.

Meðfylgjandi er greinargerð um framkvæmdina og helstu framkvæmdaþætti hennar auk þess sem greint er frá aðstæðum á svæðinu með tilliti til umhverfis- og skipulagsmála. Jafnframt er lagt mat á hvaða líklegra umhverfisáhrifa er að vænta.

BR
7.7.

Samhliða auglýsingu deiliskipulagsins var leitað umsagnar eftirtalinna aðila:
Forsætisráðuneytis, Umhverfisstofnunar, Heilbrigðiseftirlitis Norðurlands eystra, Vegagerðar,
Minjastofnunar Íslands og Vatnajökulspjóðgarðs. Þar að auki bærust thugasemdir frá
Landvernd og Svæðisráði norðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs. Athugasemdir gáfu ekki tilefni
til breytinga á deiliskipulagstillögunni.

Neyðarlínan ohf. telur að fyrir liggja gögn um áhrif byggingar fyrirhugaðrar heimarafstöðvar.
Niðurstaðan er að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með
sér og því eigi hún ekki að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd fellur undir flokk C og er tilkynningarskyld til sveitarfélagsins skv.
lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, lið 3.23, þ.e.a.s. vatnsorkuver með uppsett
rafafi allt að 200 kW.

*Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún staðfesti eftirfarandi niðurstöðu
skiplagsnefndar:*

*Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur Skútustaðahreppur farið yfir tilkynningu
framkvæmdaraðila og umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra.*

*Niðurstaða Skútustaðahrepps er að framkvæmdir við fyrirhugaða smávirðjun við
Vaðöldu séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr.
viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á
umhverfisáhrifum.*

*Nefndin leggur jafnframt til við sveitarstjórn að hún feli skipulags- og byggingarfulltrúa
að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir fyrirhugaðri virðjun skv. reglugerð um
framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og á grundvelli
gildandi deiliskipulags og framlagðra gagna.*

*Vegna ábendinga frá forsætisráðuneytinu verði eftirfarandi ákvæði sett inn í
framkvæmdaleyfið: „Minnt er á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara
lengur en eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins skv. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/19998 um
þjóðlendur og marka eignarlendna, þjóðlendna og afrétta“*

2. Hofstaðir. Tillaga að deiliskipulagi.

S20151101

Tekið er fyrir að nýju erindi dags 26. nóvember 2015 frá Ástu Hermannsdóttur f.h.
Minjastofnunar Íslands þar sem sótt er um heimild skv. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr.
123/2010 til að láta vinna deiliskipulag af gamla bæjarstæði Hofstaða og næsta nágrennis
þess á kostnað M.Í. skv. meðfylgjandi skipulagslýsingu, *Skipulagslýsing í nóvember 2015*
frá Teiknistofu Norðurlands. Megnið af svæðinu verður skilgreint sem minjaverndarsvæði en
gert verður ráð fyrir að tún verði nýtt á sama hátt og verið hefur.

Sveitarstjórn heimlaði umsækjanda þann 15. desember s.l. að láta vinna deiliskipulag á sinn
kostnað skv. framkominni skipulagslýsingu sem skipulags- og byggingarfulltrúi leitaði
umsagnar um hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynnti fyrir almenningi eins og 3.
mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um frá og með 7. janúar til og með 28.
janúar 2015.

BR
A.H.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Vegagerðinni og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Skipulags- og byggingarfulltrúi kom innsendum athugasemdum/umsögnum á framfæri við umsækjanda og skipulagsráðgjafa með tilmælum um að tekið yrði efnislega tillit til þeirra eins og kostur væri við gerð deiliskipulagsins.

Innkomin ný gögn 11. ágúst s.l. tillaga að deiliskipulagi, deiliskipulagsgreinargerð og skýringarupphættir frá Arnari Birgi Ólafssyni, landslagsarkitekt hjá Teiknistofu Norðurlands.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemdir við megindrætti deiliskipulagstillögunnar. Nefndin telur þó að þörf fyrir bílastæði sé vanmetin og óskar eftir því að bílastæðum verði fjölgað eða sýnt verði fram á stækkunarmöguleika í deiliskipulaginu. Nefndin óskar jafnframt eftir því að Minjastofnun Íslands framvísi samþykki landeiganda, Íslenska ríkinu, fyrir fyrirhugaðri deiliskipulagsgerð á jörðinni. Að þessum skilyrðum uppfylltum felur nefndin skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna tillöguna og forsendur hennar fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um áður en hún verður lögð fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu.

Fundi slitið.

Helgi Högnar
Fótm fúll
Birgi Sveinsson
Guðrún Bryndís
Selma Arnmannsdóttir

